

253. fundur Skólanefndar FS

8. október 2002



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúinn Ívar Valbergsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Val formanns skólanefndar.
 2. Sókn ungmenna á Suðurnesjum í framhaldsnám.
 3. Staða byggingarmála.
 4. Önnur mál.

1. Val formanns skólanefndar.

Formaður nefndarinnar valinn. Kristbjörn Albertsson kjörinn samhljóða og er því réttkjörinn formaður skólanefndar.

2. Sókn ungmenna á Suðurnesjum í framhaldsnám.

Rætt um könnun Hagstofu Íslands á sókn ungmenna í framhaldsnám. Þar kemur fram að á Suðurnesjum er þetta hlutfall lægra en í öðrum landshlutum. Málið rætt, m.a. hvort og hvernig hægt sé að bregðast við þessari stöðu. Ákveðið að ræða málið betur á næsta fundi skólanefndar.

3. Staða byggingarmála.

Formaður sagði frá fundi með menntamálaráðherra þar sem rætt var um fyrirhugaða viðbyggingu. Formaður sagðist bjartsýnn á þróun málsins eftir fundinn.

4. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá því að Jón Sæmundsson, fjármálastjóri, láti af störfum á næsta ári vegna aldurs. Því þarf fljótlega að auglýsa eftir fjármálastjóra.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari